

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 31. ágúst 2020
UST202006-228/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Garðabæjar 2016 - 2030 - Rammahluti Vífilsstaðaland

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 með rammahluta Vífilsstaðalands.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan nær til þróunarsvæðis B eins og það er skilgreint í aðalskipulagi, Hnoðrahólts, Vetrarmýrar, Vífilsstaða, Smalahólts og Rjúpnadal og hún nær einnig til Vífilsstaðahrauns sem nýtur verndar sem fólkvangur. Einnig kemur fram í greinargerð að innan skipulagssvæðisins er m.a. gert ráð fyrir miðsvæði með blandaðri byggð í góðum tengslum við nálæga íþróttastarfsemi og almenningsamgöngur. Alls er gert ráð fyrir 2.000 -2.400 íbúðum á svæðinu, samfélagsþjónustu, íþróttastarfsemi, útivistarsvæðum og náttúruverndarsvæði. Auk þess er gert ráð fyrir að lega Elliðavatnsvegur verði færð fjær Vífilsstaðavatni og útivistarsvæði umhverfis vatnið gefið aukið vægi.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni eru unnin deiliskipulög fyrir Vetrarmýri undir blandaða byggð, Hnoðraholt norður undir íbúðarbyggð og Rjúpnadal undir kirkjugarð og meðferðarstofnun.

Verndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að utan skipulagsmarka er friðlýst svæði Vífilsstaðavatns og vatnasviðs þess. Við vatnið og umhverfis það er m.a. varplendi anda, flórgoða og mófugla. Í greinargerð kemur fram að metið er að áhrif á náttúrufar og dýralíf sé í heildina óveruleg til neikvæð. Í greinargerð kemur fram að helstu áhrif verða vegna jarðrasks og mögulegi raski á búsvæði fugla og að neikvæð áhrif verða vegna uppbyggingar á framkvæmdatíma og vegna umgang manna til framtíðar. Auk þess kemur fram að líklegt sé að fuglar munu leita á önnur búsvæði.

Hins vegar er tillagan talin hafa jákvæð áhrif á náttúrufar og dýralíf innan friðlýstra svæða.

Umhverfisstofnun telur vera nokkur óvissa um umhverfisáhrif tillögunnar á náttúru og fuglalíf Vífilsstaðavatns og bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um áhrif tillögunnar á vatnið.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir íbúðarbyggð (4.13 íb) sem liggur fyrri utan Vífilsstaðavatns. Umhverfisstofnun telur að uppbygging íbúðarbyggðar geti aukið álag á vatnið og lífríki þess og rýrt þar af leiðandi verndargildi svæðisins.

Vegur

Tillagan gerir ráð fyrir því að Elliðavatnsvegur verður færður norðar. Umhverfisstofnun bendir á að aukin umferð með auknum umferðarhraða, loftmengun og hljóðmengun getur haft neikvæð áhrif á ásýnd og útivistargildi svæðisins.

Friðlýsingarmörk


Í greinargerð kemur fram hugmynd á breytingum á friðlýsingarmörkum Vífilsstaðavatns og Vífilsstaðahrauns.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 44. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að ráðherra tekur ákvörðun um afnám eða breytingu friðlýsingar en áður skal liggja fyrir mat á áhrifum hennar. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, viðkomandi náttúruverndarnefndar, náttúruverndarsamtaka og eftir atvikum annarra fagstofnana. Afnám friðlýsingar eða breyting sem felur í sér að dregið er úr vernd viðkomandi náttúruminja er aðeins heimil ef verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingunni eða ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur